

## 5. Stjórnarfundur EBAK miðvikudaginn 12. október 2022 kl. 15.30.

Mætt: Hallgrímur Gíslason, Birgir Björn Svavarsson Torfhildur S. Þorgeirsdóttir, Sigurður Harðarson, Friðrik Vagn Guðjónsson og Margrét Marvinsdóttir.

Fjarverandi: Elín S. Antonsdóttir, Eva B. Magnúsdóttir, Helgi Aðalsteinsson og Helga Eymundsdóttir.

### Fundargerð:

1. **Formaður setti fund** kl. 15.30.
2. **Fundargerð stjórnar** frá 31. ágúst sl. tekin fyrir og samþykkt.
3. **Viðvera** í félagsmiðstöðvum að hálfu stjórnarmanna verður eftirfarandi:
  - a. 19. okt. í Birtu – Friðrik Vagn Guðjónsson.
  - b. 26. okt. í Birtu – Sigurður Harðarson.
  - c. 2. nóv. í Birtu – Hallgrímur Gíslason.
  - d. 2. nóv. í Sólku – Birgir B. Svavarsson.
  - e. 9. nóv. í Birtu - Margrét Marvinsdóttir.
4. **Næsti stjórnarfundur** ákveðinn 15. nóv. kl. 16.00.
5. **Starfsemin.**
  - a. Ringó æfingar hefjast í íþróttahúsi Síðuskóla 19/11 frá kl. 11.30 til 13.00
  - b. Keyptur hefur verið nýr þráðlaus hljóðnemi við hljóðkerfið í Birtu.
  - c. Rætt var um afmælistónleika EBAK. Beðið er eftir uppgjöri frá MAK.
  - d. Kennsla í tölvuvinnslu er á dagskrá á næstunni.
  - e. Breyta þurfti um netfang félagsins vegna þess að Stefna er hætt að þjónusta gamla póstkferfið. Nýtt netfang er ebakureyri@gmail.com.
6. **Aðgerðaáætlun.** Stefnt er á fund um *Virk efri ár* með Héðni Svarfdal Björnssyni, verkefnisstjóra, við fyrsta tækifæri.
7. **Starfslýsingar.** Starfslýsingar nefnda höfðu verið sendar út til stjórnarfólks. Farið var lauslega yfir nokkur atriði og þær síðan samþykktar.
8. **Önnur verkefni.** Hugmyndir úr könnun um starfsemi félagsmiðstöðvanna verða sendar til stjórnarmanna. Aðkoma nefnda félagsins að nokkrum verkefnum var rædd.
9. **Önnur mál.** Formaður mun kynna félagið á starfslokánámskeiði hjá SÍMEY fyrir Félag verslunar- og skrifstofufólks 22. nóvember kl. 17:40-18:10.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.10

Fundargerð rituðu Birgir Björn Svavarsson og Hallgrímur Gíslason.